

Umhverfis og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Bjarnadóttir
Flóahreppur
Þingborg
801 SELFOSS

Garðabær, 13. júní 2024
Málsnúmer:
202405-0016

IAS/BK

Efni: Nýtt deiliskipulag fyrir Bitru

Vísað er í erindi í gegnum Skipulagsgátt, dags. 13. maí 2024, þar sem Flóahreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir Bitru. Innan landsins eru 22 ha skilgreindir sem landbúnaðarland og um 13 ha sem verslun og þjónusta. Á landbúnaðarsvæðinu er gert ráð fyrir fjórum landbúnaðarlóðum þar sem heimilt verður að reisa íbúðarhús og ýmis aukahús. Þá ert gert ráð fyrir fjórum verslunar- og þjónustulóðum þar sem heimilt verður að reisa um 100 herbergja hótél og 30 smáhúsaeiningar, hvert að grunnfleti um 70 m².

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um málið á fyrri stigum og ítrekar hér fyrri ábendingar.

Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) einkennist skipulagssvæðið af mosamóavist en af loftmyndum að dæma virðist þó einnig vera lítilsháttar votlendi innan svæðisins. Svæðið er lítt raskað og stendur á Þjórsárhrauni sem er metið einstakt á landsvísu, jafnvel á heimsvísu sem eitt mesta hraun jarðar runnið eftir ísöld.

Hraunið hefur hátt vísindagildi og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Víða er hraunið þakið jarðvegi og gróðri eða yngri hraunum og þess vegna eru ekki margir staðir á Suðurlandi þar sem yfirborð Þjórsárhraunsins er eins greinilegt og það er undir sunnan- og austanverðu Hestfjalli. Vegna sérstöðu Þjórsárhrauns telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að varðveita yfirborð hraunsins eins og kostur er á þeim svæðum þar sem það er óraskað.

Þá eru mjög áberandi jarðskjálftasprungur um 200 m austan við fornminjarnar og þá í norðvestur jaðri skipulagssvæðisins sem verður að taka tillit til áður en uppbygging hefst.

Náttúrufræðistofnun vill hvetja til þess að öllu raski verði haldið í lágmarki og að leitast verði við að hlífa hrauni og votlendisblettum innan svæðisins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Athi Sigurðsson

Ingvar A. Sigurðsson
jarðfræðingur

